





V:\03\03057\teikn\+U\V005 DSK Hryggstekkur\Prentskjal\03057-DSK BR Hryggstekkur-UPPDR.dgn

## GREINARGERÐ

### ALMENNT

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu *Fljótsdalslína 3 og 4 í Skriðdal,* skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Deiliskipulagið tók gildi 29. júlí 2005. Ekki hafa verið gerðar breytingar á skipulaginu.

Landsnet áformar að reisa yfirbyggða aðveitustöð sem mun leysa af hólmi núverandi aðveitustöð í áföngum.

Markmið með breytingunni er að bæta afhendingaröryggi raforku.

Gildandi deiliskipulag var unnið í samræmi við aðalskipulagið Austur – Héraðs 2002-2017 en nú er Aðalskipulag Fjótsdalshéraðs 2008-2028 í gildi á svæðinu.

Breytingin er í samræmi við núgildandi aðalskipulag. Þar er afmarkað iðnaðarsvæði I2 fyrir spennivirki (aðveitustöð) á Hryggstekk. Aðliggjandi land er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Stefna aðalskipulagsins er að búa sem best í haginn fyrir almennan atvinnurekstur og þjónustu við íbúa. Einnig að sveitarfélagið sé öðrum fyrirmynd með því að sýna ábyrgð gagnvart umhverfi og komandi kynslóðum. Íbúar hafi sem bestan aðgang að öllum helstu grunnkerfum sem skulu eftir því sem kostur er liggja innan sama helgunarsvæðis. Sveitarfélagið leitast við að auðvelda aðgengi að raforku þar sem þess er þörf og að afhendingaröryggi sé gott, segir í gildandi aðalskipulagi.

Engar þekktar náttúru- eða menningarminjar eru á því svæði sem skipulagsbreytingin tekur til. Ekki er heldur að finna fyrirbæri sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Svæðið er á malarkambi og þar eru vegslóðar og háspennumöstur auk trjágróðurs sem plantað hefur verið í samræmi við gildandi deiliskipulag.

### BREYTINGIN

Breytingin felst í að afmörkuð er lóð fyrir nýja aðveitustöð á Hryggstekk við hlið núverandi aðveitustöðvar.

Við kafla 3.4 *Aðveitustöðin á Hryggstekk* bætist:

Afmörkuð er 12.283 m² lóð fyrir nýja aðveitustöð á Hryggstekk, um 200 m norðvestan núverandi aðveitustöðvar. Innan byggingarreits er heimilt að reisa allt að 550 m² yfirbyggða aðveitustöð og tvö allt að 300 m² spennahús. Hámarkshæð aðveitustöðvar er 10 m og spennahús skulu ekki vera hærri en 14 m, miðað við landhæð við húsvegg. Aðkomuvegur er um núverandi aðkomuveg að fyrri aðveitustöð. Vanda skal útlit og frágang mannvirkja og lóðar.

Gert er ráð fyrir að Fljótsdalslínur 3 og 4 tengist nýrri aðveitustöð. Einnig er gert ráð fyrir að þær línur sem tengjast fyrri aðveitustöð verði í framtíðinni einnig tengdar nýrri aðveitustöð, þ.e. Fljótsdalslína 2, Eyvindarlína 1, Stuðlalína 1 og Teigarhornslína 1. Heimilt er að leggja línurnar í jörðu til að tengjast nýrri aðveitustöð.

Í kjölfar færslu línanna skal fyrri aðveitustöð lögð af. Öll ummerki hennar skulu fjarlægð og svæðið grætt upp í samræmi við kafla 3.8.1.

Gert er ráð fyrir snyrtingu í nýju aðveitustöðinni og að borað verði eftir neysluvatni. Vatnsveita skal hafa hlotið úttekt og samþykki viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Slökkvivatn skal eftir atvikum sótt í Eyrarteigsá og/eða vatnsveitu.

Fráveita skal leidd í viðurkennt hreinsivirki. Frágangur skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Leiðbeinandi staðsetning er sýnd á uppdrætti.
Meðferð sorps skal vera samkvæmt reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi skipulags.

Lega háspennulína næst aðveitustöð og viðeigandi helgunarsvæði breytast á uppdrætti en kaflar 3.1 og 3.2 í greinargerð breytist ekki.

Lega svæðis C fyrir trjárækt breytist á uppdrætti en kafli 3.8.1 – C í greinargerð breytist ekki. Nýta skal, eins og kostur er, gróður úr stæði nýrrar lóðar innan svæðis C.

### ÁHRIF

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfið miðað við gildandi deiliskipulag. Um lítilsháttar tilfærslu aðveitustöðvar er að ræða. Ný aðveitstöð verður yfirbyggð og fyrri stöð verður fjarlægð þegar tenging allra lína hafa verið færðar en hluti þeirra kann að verða lagður í jörðu. Breytingin er því líkleg til að hafa jákvæð sjónræn áhrif.

Breytingin er ekki líkleg til að hafa áhrif á náttúru- eða menningarminjar eða fyrirbæri sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Breytingin hefur ekki áhrif á aðra aðila en núverandi staða hefur.

Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028




## SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Ný lóð
- Byggingarreitur
- Núverandi vegir
- Núverandi vegslóðar
- Nýjir línuvegir
- Jarðamörk
- Skógræktarsvæði skv. áætlun Héraðsskóga
- Trjárækt tengd mótvægisaðgerðum
- Trjárækt í línustæði sbr. kafla 3.8
- Jaðarsvæði trjáræktar
- Helgunarsvæði raflína
- Ⓕ Fráveita - hreinsivirki
- 50 m fjarlægð frá Eyrarteigsá

## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í

Umhverfis- og framkvæmdaráði:

þann __________ 20____.

Sveitarstjórn:

þann __________ 20____.

______________________________

Tillagan var auglýst frá __________________ 20____

með athugasemdafresti til __________________ 20____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann __________ 20___.

Múlaþing

Fljótsdalslína 3 og 4 í Skriðdal

HRYGGSTEKKUR AÐVEITUSTÖÐ

Breyting á deiliskipulagi - tillaga til auglýsingar

| | | |
|---|---|---|
| MKV. 1:2.000/A2 | DAGS. 28. júní 2024 | VERKFANG: 03057-005 |
| UNNIÐ AF: ÞRS | RÝNT: EBK | SAMÞ: EBK |

VERKÍS